

Ræða forsætisráðherra við afhendingu Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs á Rannsóknþingi Rannís 8. júní 2011.

Það er mér mikil ánægja að tilkynna niðurstöðu dómnefndar um val á handhafa hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs fyrir árið 2011. Í þetta sinn hlýtur verðlaunin dr. Hörður G. Kristinsson, rannsóknastjóri Matís og sviðsstjóri líftækni- og lífefnasviðs.

Hörður er fæddur árið 1972. Hann lauk grunnnámi í líffræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og hélt þá til Bandaríkjanna í frekara nám. Í meistaranáminu við Washington háskóla í Seattle vann hann við rannsóknir á nýtingu aukaafurða sjávarfangs með notkun ensíma, en slík tækni er nú notuð víða um heim með góðum árangri. Árið 2001 lauk hann svo doktorsnámi í matvælalífefnafræði frá Massachusetts háskóla. Þar sinnti hann bæði grunn- og hagnýtum rannsóknum á eiginleikum fiskipróteina eftir meðhöndlun við hátt og/eða lágt sýrustig. Niðurstöður úr doktorsverkefni hans hafa nýst við að þróa nýja tækni til að einangra og nýta prótein úr aukaafurðum og vannýttum fiskitegundum, eins og kolmunna og loðnu. Því má segja að þær hafi bæði bætt í þekkingarbrunn okkar og haft mikið hagnýtt gildi.

Að námi loknu hefur Hörður haldið áfram á sömu braut og lagt áherslu á rannsóknir sem tengjast þróun verðmætra afurða, einkum próteina og peptíða, úr vannýttu hráefni og eiginleikum þeirra, auk rannsókna á oxunarferlum í sjávarfangi. Allar þessar rannsóknir hafa skilað verðmætum vísindalegum niðurstöðum en ekki síður hafa þær haft bein efnahagsleg áhrif á iðnaðinn.

Á síðasta ári Harðar í doktorsnámi var honum boðin staða lektors við matvæla- og næringarfræðideild Flórídaháskóla, sem er ein sú stærsta og framsæknasta í Bandaríkjunum. Þar byggði hann upp frá grunni öfluga rannsóknastofu og rannsóknaráætlun á sviði matvælalífefnafræði með sérstaka áherslu á nýtingu sjávarfangs. Hörður flutti til Íslands árið 2007 og leiddi uppbyggingu sprotafyrirtækisins MPF Ísland það ár. Hann hóf svo störf hjá Matís árið 2008 en gegnir jafnframt dósentsstöðu við Flórídaháskóla.

Hörður hefur verið brautryðjandi við að byggja upp rannsóknir á lífefnum og lífvirkum efnum úr íslenskri náttúru. Hann gegndi lykilhlutverki við uppbyggingu á Líftækni-setri Matís á Sauðárkróki sem opnaði 2008. Þar vinna sérfræðingar að innlendum og erlendum rannsóknaverkefnum í náinni samvinnu við matvælaíðnaðinn í Skagafirði sem og annars staðar í landinu. Þar er einnig lögð áhersla á að bjóða upp á aðstöðu og sérfræðiaðstoð til að þróa bæði afurðir og framleiðsluferla með það að markmiði að hraða ferlinu frá hugmynd til afurðar og lækka þannig kostnað við þróunina. Í sama anda má einnig nefna nýja aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki, Brúna, sem opnuð var þann 14. apríl s.l. í húsakynnum Matís í Reykjavík. Þar má nú finna öflug líftæknifyrirtæki eins og Kerecis og Primex sem munu búa að nálægðinni við Hörð og samstarfsfólk hans.

Rannsóknir Harðar hafa haft mikið hagnýtt gildi og endurspeglast það m.a. í því að hann er handhafi þriggja birtra einkaleyfa og með tvö til viðbótar í mati hjá bandarísku einkaleyfastofunni. Hörður hefur ekki síður verið duglegur við að skrifa um rannsóknir sínar í virtum ritrýndum vísindaritum og eftir hann liggja nú 52 greinar á þeim vettvangi. Hann hefur einnig skrifað fjölda bókarkafla og flutt bæði gestafyrirlestra og fyrirlestra á fjölmörgum alþjóðlegum ráðstefnum víða um heim. Hann er virkur í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og stýrir nokkrum fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum nú um stundir. Hörður hefur einnig verið virkur í kennslu bæði á grunnstigi og í rannsóknarnámi. Doktorsnemar hans eru orðnir tíu talsins og meistaranemarnir nú.

Í störfum sínum hefur Hörður sýnt að hann er afbragðs vísindamaður, kennari og stjórnandi. Hann hefur sýnt frumkvæði og veitt forystu við uppbyggingu á nýju fræðasviði sem nú þegar er farið að skila arði inn í þjóðarbúið. Hann er góð fyrirmynd nemenda og samstarfsmanna og lykilstarfsmaður í vaxandi fyrirtæki með mikla framtíð. Það er einróma álit dómnefndar hvatningarverðlaunanna að Hörður G. Kristinsson uppfylli öll viðmið hennar og sé því verðugur handhafi Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2010.

Ég vil nú biðja Hörð um að koma hér og taka við verðlaununum.